



Umhverfisstofnun
Steinar Rafn Beck Baldursson
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík



HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Reykjavík, 24.08.2017
2017-0254 - 24.00
HV/mp

Málefni: Athugasemdir við starfsleyfistillögur vegna 4000 tonna eldis Arctic Sea Farm í Dýrafirði, 6800 tonna eldis Arctic Sea Farm í Patreks- og Tálknafirði og 10700 tonna eldis Fjarðalax í Patreks- og Tálknafirði sem nú eru auglýstar

Hafrannsóknastofnun hefur farið yfir tillögurnar að starfsleyfum og gerir eftirfarandi athugasemdir:

- 1) Í grein 1,2 fyrir starfsleyfistillögu vegna ASF og Fjarðalax í Patreks- og Tálknafirði er lýst heimild Umhverfisstofnunar til að fresta útsetningu seiða ef niðurstöður umhverfisvöktunar gefa tilefni til. Er það í samræmi við álit Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum fiskeldis í Patreks- og Tálknafirði. Af þeim sökum þurfa vöktunaráætlanirnar að vera afar skýrar og skil niðurstaðna tímasettar m.t.t. útsetningar næstu kynslóðar seiða. Ekki er að finna sambærilegt ákvæði í starfsleyfistillögu fyrir ASF í Dýrafirði.
- 2) Í grein 3,4 er sett hámark á losun fosfórs sem er 14 kg P/tonn framleitt. Öll fyrirtækin gera ráð fyrir helmingi minni losun fosfórs við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna eða í matsskyldufyrirspurnum sínum eða 7 kg P/tonn. Hafrannsóknastofnun telur að eðlilegt sé að losunarheimildir fyrirtækjanna séu í samræmi við áætlanir þeirra og þær forsendur sem liggja til grundvallar við mat á burðarþoli og umhverfisáhrifum.
- 3) Í grein 4,2 um vöktunarmælingar er tekið fram að fylgja skuli staðli ISO 12878. Einnig þyrfti að tilgreina þann staðal í grein 5,1 um vöktunaráætlun. Hafrannsóknastofnun telur að framkvæmdaaðilar þurfi að leggja fram nákvæmari vöktunaráætlanir heldur en þær sem nú liggja fyrir. Ekki er nóg að mati stofnunarinnar að taka fram að vöktun mun vera í samræmi við staðal heldur þarf beinlínis að lýsa því hvernig vöktunaráætlunin uppfyllir kröfur staðalsins. Álit Skipulagsstofnunar gerir ráð fyrir vöktun á súrefnisstyrk við botn í samræmi við burðarþolsmat en slík krafa er ekki í fyrrgreindum staðli. Slíkum kafla þarf því að bæta í vöktunaráætlun. Ákveðið

Ósamræmi er í vöktunaráætlun Rorum fyrir ASF í Patreks- og Tálknafirði annars vegar og vöktunaráætlun NAVE fyrir Fjarðalax í Patreks- og Tálknafirði hins vegar. Þá eru það ekki nægilegar upplýsingar að tiltaka hvers konar tækjabúnað fyrirhugað er að nota við efnagreiningar eða á hvaða rannsóknastofu, frekar þarf að greina frá þeirri nákvæmni sem mælingar hafa. Til nánari útskýringa er vísað í bréf Hafrannsóknastofnunar til Umhverfisstofnunar frá 5. janúar 2017 (tilv. 2016-0137-24.00).

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna,



Héðinn Valdimarsson

sviðsstjóri Umhverfissviðs